



Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 2. júní 2022


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (fasteignaskrá), 684. mál**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (fasteignaskrá), 684. mál.

Samtök iðnaðarins fagna framlögðu frumvarpi þar sem lagður er til flutningur fasteignaskrár yfir til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, HMS. Breytingin er að mati samtakanna nauðsynleg þar sem markmiðið er að einfalda og efla þjónustu við fólk og fyrirtæki á sviði húsnæðismála og tryggja enn frekari samhæfingu milli ríkisstofnana. Með tilkomu öflugrar Mannvirkjaskrár HMS og flutningi fasteignaskrár til HMS telja SI að loks verði hægt að undirbúa verklegar framkvæmdir og aðgerðir stjórnvalda á húsnæðismarkaði út frá réttum gögnum hverju sinni.

Samtökin ítreka því ánægju sína með framlagt frumvarp og leggja til að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

  
Jóhanna Klara Stefánsdóttir,  
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI